

M-5/2017. Álit 18. september 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. september 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-5/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 24. janúar 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um þjónustu fyrirtækisins Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur þjónustuna hafa valdið skemmdum á bifreið sinni og krefst skaðabóta.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 2. febrúar 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 14. september 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og meðfylgjandi gögnum kemur fram að álitsbeiðandi fór með bifreið sína á þvottastöð seljanda þann 5. júlí 2016. Að sögn álitsbeiðanda var bifreiðin enn skítug eftir fyrsta þvott svo álitsbeiðandi keypti annan þvott ásamt auka felgubvotti. Eftir seinni þvottinn kveðst álitsbeiðandi hafa tekið eftir því að felgurnar væru rispaðar en seljandi hafi neitað því að bera ábyrgð á skemmdunum.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi lagi felgurnar eða greiði fyrir viðgerð á þeim.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi þjónustu af seljanda þann 5. júlí 2016 sem fólst í þvotti á bifreið álitsbeiðanda og sérstakan felgubvott. Að sögn álitsbeiðanda olli þvotturinn skemmdum á felgunum.

Kæruneftndin álitur að 25. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000 (þkpl.) eigi við í málinu, en ákvæðið er svohljóðandi:

„25. gr. Verði tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist ber seljanda að bæta það tjón nema hann sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.“

Seljandi hefur ekki sent andsvör til nefndarinnar og verður að byggja á því er fram kemur í álitsbeiðni og gögnum frá álitsbeiðanda við úrlausn málsins. Sönnunarbyrðin fyrir því að seljandi hafi valdið tjóni hvílir á neytanda samkvæmt lögum um þjónustukaup og ber

álitsbeiðanda því að sýna fram á tjón sitt og að seljandi hafi valdið tjóninu. Í málinu liggja fyrir myndir sem teknar voru af bifreiðinni fyrir og eftir þvott hjá seljanda. Á þeim myndum má sjá rispur á felgum bifreiðar álitsbeiðanda en hins vegar er ekki ljóst hvernig þær rispur komu til. Getur kærunefndin því ekki fallist á það með óyggjandi hætti að umþrættar rispur á felgunum hafi komið við þvott hjá seljanda. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

V
Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson